

15. maí 2025 – Fréttatilkynning

Sjóvá – Árshlutauppgjör

540 m.kr. tap og samsett hlutfall 90,2% á fyrsta ársfjórðungi

Fyrsti ársfjórðungur 2025 og horfur

- Hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 821 m.kr. (1F 2024: 242 m.kr.)
- Tap af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 1.126 m.kr. (1F 2024: 363 m.kr. hagnaður)
- Tap tímabilsins 540 m.kr. (1F 2024: 421 m.kr. hagnaður)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu -1,0% (1F 2024: 1,2%)
- Samsett hlutfall 90,2% (1F 2024: 97,0%)
- Horfur fyrir árið 2025 eru óbreyttar og er afkoma af váttryggingasamningum fyrir árið 2025 og til næstu 12 mánaða áætluð 1.700 – 2.400 m.kr. og samsett hlutfall 93-95%

Hermann Björnsson, forstjóri:

Afkoma Sjóvár á fyrsta ársfjórðungi var neikvæð um 540 m.kr. og litaðist af erfiðu árferði á verðbréfamörkuðum en afar góðri afkomu af váttryggingastarfseminni. Tap af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta nam 1.126 m.kr. og afkoma af váttryggingasamningum fyrir skatta var 821 m.kr. Þá var samsett hlutfall 90,2% á fjórðungnum.

Frábær afkoma af váttryggingasamningum, 821 m.kr. fyrir skatta sem er með betri fyrstu ársfjórðungum sem við höfum skilað. Tekjuvöxtur nam 3,6%, drifinn áfram af vexti á einstaklingsmarkaði. Tíðarfar var nokkuð hagfelld og tjónapróun undir áætlunum á fyrsta ársfjórðungi og munar þar mest um jákvæða þróun í eignatryggingum á milli ára en ekkert stórtjón henti á fjórðungnum.

Í breyttu umhverfi á váttryggingamarkaði munum við áfram einbeita okkar að þeim áherslum sem markað hafa sterka stöðu okkar. Við leggjum áherslu á arðbæran og ábyrgan váttryggingarekstur þar sem samskipti við viðskiptamenn byggja á þekkingu og gagnkvæmri virðingu. Staða okkar hefur haldist mjög sterk eins og nýjar kannanir sem Prósent framkvæmdi í vikunni sýna, þar sem m.a. er spurt: „Ef þú værir að skipta um tryggingafélaga hvaða félag yrði fyrir valinu“. Líkt og undanfarin ár er niðurstaðan sú að Sjóvá er efst allra tryggingarfélaga og mjög mikill munur er á okkur og öðrum tryggingafélögum. Þessi niðurstaða sýnir sterka ímynd okkar gagnvart viðskiptavinum annarra tryggingafélaga sem gefur okkur byr sem eina sjálfstæða tryggingafélagið á váttryggingamarkaði.

Tap af fjárfestingum fyrir fjármagnsliði og skatta var 704 m.kr. og ávöxtun eigna í stýringu -1,0% sem er langt undir væntingum. Griðarlegar sveiflur hafa verið á verðbréfamörkuðum um heim allan það sem af er ári og fóru innlendir verðbréfamarkaðir ekki varhluta af þeirri þróun. Allir eignaflokkar skiluðu jákvæðri ávöxtun á fjórðungnum fyrir utan skráð hlutabréf þar sem ávöxtun var neikvæð um 9,0%. Þá var ávöxtun ríkisskuldabréfa 1,9%, annarra skuldabréfa 2,0% og safnsins alls -1,0%.

Horfur okkar eru óbreyttar og er afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta árið 2025 og til næstu 12 mánaða áætluð á bilinu 1.700 – 2.400 m.kr. og samsett hlutfall 93 - 95%. Leiða má líkum að því að neikvæð áhrif áfallinna vaxta verði meiri en horfur gerðu ráð fyrir, um 1.500 m.kr. á árinu, þar sem vextir hafa lækkað frá áramótum. Ekki verða birtar horfur fyrir afkomu af fjárfestingastarfsemi en áætlanir félagsins gera ráð fyrir að ávöxtun fjárfestingaeigna í stýringu nemi 8,5% á ári til lengri tíma miðað við núverandi vaxtastig og fjárfestingastefnu. Ekki verður upplýst um frávík frá afkomu af fjárfestingastarfsemi nema þær verði raktar til verulegra breytinga á óskráðum eignum eða á eignasafni.

Við gerð áætlunar er stuðst við ýmis opinber gögn, t.d. spár um þróun vísitalna, hagvöxt og áætlaðan ferðamannafjölda. Þá er litið til tjónapróunar undanfarinna ára auk þess sem áætlað er fyrir tveimur til þremur stórtjónum á árinu.

Kynningarfundur 15. maí kl. 16:15

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið á kynningarfund í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð þann 15. maí kl. 16:15. Þar munu Hermann Björnsson forstjóri, Sigríður Vala Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni og Þórður Pálsson forstöðumaður fjárfestinga kynna uppgjórið og fara yfir afkomu félagsins. Kynningunni verður jafnframt streymt á slóðinni sjova.is/afkomukynning. Vilji aðilar bera upp spurningar má senda þær á netfangið fjarfestar@sjova.is fyrir fundinn eða á meðan á fundi stendur og verður þeim svarað í lok kynningarinnar.

Uppgjörsefni verður aðgengilegt á vef Sjóvár sjova.is/fjarfestar frá þeim tíma er kynningin hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

Fjárhagsdagatal

2. ársfjórðungur 2025.....	17. júlí 2025
3. ársfjórðungur 2025.....	30. október 2025
Ársuppgjör 2025.....	12. febrúar 2026
Aðalfundur 2026.....	12. mars 2026

Nánari upplýsingar

Meðfylgjandi er fréttatilkynning, samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar og fjárfestakynning Sjóvá-Almennra trygginga hf. vegna fyrsta ársfjórðungs 2025.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Scheving Thorsteinsson í síma 869-8109 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur

	1F 2025	1F 2024	%
Tekjur af váttryggingasamningum	8.373.614	8.081.709	3,6%
Tjón tímabilsins	(5.730.243)	(6.000.789)	-4,5%
Rekstrarkostnaður af váttryggingasamningum	(1.719.706)	(1.620.132)	6,1%
Afkoma af endurtryggingasamningum	(102.197)	(218.828)	-53,3%
Afkoma af váttryggingasamningum	821.467	241.960	-
Hreinar fjármunatekjur	288.014	285.199	1,0%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	(896.653)	499.164	-
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	(94.883)	(81.012)	17,1%
Afkoma fjárfestinga	(703.522)	703.352	-
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	(422.045)	(340.151)	24,1%
Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði	(1.125.568)	363.201	-
Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum	(304.101)	605.161	-
Aðrar tekjur	31.266	29.474	6,1%
Annar rekstrarkostnaður	(13.435)	(12.941)	3,8%
Annar fjármagnskostnaður	(16.421)	(16.809)	-2,3%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	(302.692)	604.884	-
Tekjuskattur	(236.931)	(183.627)	29,0%
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins	(539.622)	421.257	-

Helstu kennitölur	1F 2025	1F 2024
Tjónahlutfall	68,4%	74,3%
Endurtryggingahlutfall	1,2%	2,7%
Kostnaðarhlutfall	20,5%	20,0%
Samsett hlutfall	90,2%	97,0%

Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundvelli	(5,2%)	10,8%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundvelli	(9,3%)	7,6%
Eiginfjárhlutfall	29,0%	30,2%
Gjaldþolshlutfall	1,36	1,40
Lágmarksfjármagnshlutfall	3,11	3,23

Helstu liðir úr efnahagsreikningi	31.3.2025	31.12.2024
Verðbréf	59.037.559	62.575.602
Endurtrygginga eignir	2.377.748	2.040.927
Eignir samtals	73.068.367	75.692.333
Skuldbinding vegna váttryggingasamninga	41.642.046	41.712.958
Eigið fé samtals	21.203.352	25.128.078

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar fyrir fyrsta ársfjórðung 2025 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 15. maí 2025. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins